

Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 78 (6.5.2024) - Arnartangi 55 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1,

Málsnúmer : 202403511

Málsaðili : Sólveig Ragna Guðmundsdóttir

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 06.05.2024

Inngangur : Borist hefur umsókn um byggingarleyfi frá Sólveigu Rögnu Guðmundsdóttur vegna stækkunar húss að Arnartanga 55. Um er að ræða 3,5 m² anddyri raðhúss, í samræmi við gögn. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa á 517. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Niðurstaða : Þar sem að ekki er í gildi deiliskipulag sem uppfyllir ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 samþykkir skipulagsfulltrúi, í samræmi við afgreiðsluheimildir skipulagsfulltrúa í samþykktum um stjórn Mosfellsbæjar, að byggingarleyfisumsóknin skuli grenndarkynnt skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga á grundvelli ákvæða aðalskipulags Mosfellsbæjar. Fyrirliggjandi gögn skulu send hagaðilum og þinglýstum eigendum lóða og landa að Arnartanga 57, 59, 61 og 63 til kynningar og athugasemda. Auk þess verða gögn aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is.